

Félagsfræði – Kenningar og samfélag

Viðfangsefni: Kenningar í félagsfræði

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Lýsing:

Í þessum áfanga er fjallað um frumkvöðla félagsfræðinnar og kynntar helstu kenningar greinarinnar. Samfélagið er skoðað í ljósi mismunandi kenninga og nokkrar þekktar rannsóknir innan félagsfræði skoðaðar. Farið er yfir vítt svið félagsfræðinnar og nemendur þjálfaðir í að beita félagsfræðilegu innsæi við túlkun á samfélagslegum málefnum. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist dýpri skilning á hugtökum sem kynnt eru í inngangi að félagsfræði og setji þau í fræðilegt samhengi. Meginmarkmið áfangans er að nemendur öðlist dýpri skilning á hugtökum, kenningum og vinnubrögðum félagsfræðinnar og geti beitt þeim við túlkun og greiningu á samfélaginu, bæði almennt og á tiltekin viðfangsefni.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu frumkvöðlum félagsfræðinnar og geti lýst framlagi þeirra til greinarinnar
- helstu kenningum innan félagsfræðinnar
- aðferðafræði félagsfræðinnar
- hugtökum á borð við félaglega lagskiptingu, frávik, kynhlutverk og sjálfsmynd
- orsökum og afleiðingum fíkniefnaneyslu á einstakling og samfélag
- áhrifum fjölmiðla í samfélaginu
- táknrænum samskiptum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita félagsfræðikenningum til að skoða samfélagsleg málefni
- beita félagsfræðilegu innsæi
- beita aðferðum félagsfræðinnar
- fjalla um og bera saman kenningar

- útskýra áhrif kenninga á samfélagsleg viðfangsefni

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnisþætti
- geta tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær
- geta framkvæmt einfalda rannsókn og áttað sig á helstu niðurstöðum
- geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á náminu og unnið í samvinnu við aðra
- geta hagnýtt Netið til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni

Námsmat:

Námið er metið jafnóðum allan námstímann. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem reyna á upplýsingaleit, skilning og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti. Nemendur leysa ýmsar kannanir og/eða próf.